

Hverfisráð Hríseyjar

158. fundur

Mánudaginn 12. desember 2022 kl. 18:00 var haldinn 158. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Ingólfur Sigfússon, Narfi Freyr Narfason og Friðrik Úlfar Ingimarsson.

Dagskrá:

1. Hákarlaverkun í Hrísey - málsnúmer 2022020064

Hverfisráði barst bréf frá skipulagsfulltrúa 08.12.22 þar sem óskað var umsagnar hverfisráðs varðandi erindi dagsett 1. febrúar 2022 þar sem Teitur Björgvinsson leggur inn fyrirspurn varðandi staðsetningu hákarlaverkunar í Saltnesi í Hrísey. Skipulagsráð tók málið fyrir á 388. fundi 28.09.2022 og tók jákvætt í erindið.

Ingólfur og Narfi Freyr lýstu yfir vanhæfi til að fjalla um málið vegna tengsla við umsækjenda. Fengin voru álit frá tveimur varamönnum, Ásrúnu Ýr og Kristni Frímanni.

Hverfisráð fagnar framtakinu og gefur því jákvæða umsögn.

2. Fiskhjallur - málsnúmer 2022110338

Hverfisráði barst bréf frá skipulagsfulltrúa 08.12.22 þar sem óskað var umsagnar hverfisráðs varðandi erindi dagsett 8. nóvember 2022 þar sem Jóhannes Áslaugsson sækir um leyfi fyrir fiskhjalli á Saltnesi í Hrísey. Skipulagsráð tók málið fyrir á 392. fundi 23.11.2022 og tók jákvætt í erindið.

Hverfisráð fagnar framtakinu og gefur því jákvæða umsögn.

3. Deiliskipulag á hafnarsvæðinu á Árskógssandi

Í bréfi til Skipulagsráðs Dalvíkurbyggðar óskar Hverfisráð Hríseyjar eftir að fá að taka þátt í vinnu við gerð deiliskipulags á hafnarsvæðinu á Árskógssandi fyrir hönd íbúa Hríseyjar. Í ljósi þess að stiginn sem var í brekkunni milli Sjávangötu og hafnarinnar var tekinn í byrjun nóvember leggur hverfisráð áherslu á mikilvægi þess að nýr stigi verði tilbúinn fyrir næsta sumar.

4. Starf þjónustu- og upplýsingafulltrúa í Hrísey

Í ljósi þess að hætt var við fyrirhugaða ráðningu í starf þjónustu- og upplýsingafulltrúa í Hrísey eftir að starfið var auglýst í nóvember vill hverfisráð leggja áherslu á mikilvægi þess að ráðið verði í starfið og að aftur verði starfandi þjónustufulltrúi Akureyrarbæjar í Hrísey.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Ingólfur Sigfússon
Narfi Freyr Narfason
Friðrik Úlfar Ingimarsson

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon